

42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um skuldir leiguliðanna á Vestmannaeyjum uppí jarðarafgjöld.

1869.
12. maí.

Með bréfi dagsettu 25. marzmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá ásamt álitsskjali hlutaðeigandi sýslumanns um hana, þar sem sveitarstjórnin á Vestmannaeyjum fer þess á leit, að þeim af leiguliðunum á konungsjörðunum þar á eyjunum, sem eru svo bágstaddir, að þeir geta ekki borgað landskuld af úbýlisjörðum sínum, nema þeir fái styrk úr sveitar-sjóðnum, verði gefin hún upp þangað til efnahagur þeirra batnar, eða þangað til efnahagur sveitarinnar er kominn í það horf, að hún getur styrkt þá, eins og með þarf, til að gjalda landskuldina. Þér hafð kveðið það satt að vera, sem sagt er í bænarskránni, um að fátæktin sé altaf að fara í vöxt á Vestmannaeyjum, en látið það álit yðar í ljósi, að úrræði það, sem vikið er á í bænarskránni, til að bæta úr hinu auma ástandi á eyjunum, mundi varla leiða til þess, sem ætlað er; aptur mundi því fremur verða komið til leiðar á þann hátt, að lagt væri á við umboðsmanninn, að jafnframt og hann gjörði allt, sem í hans valdi stendur, til að heimta saman jarðarafgjöldin, sem eptir standa, þá ætti hann að hafa sem mesta vægð í frammi í því að byggja þeim af leiguliðunum út, sem einasta sökum hallæris hafa ratað í slíkar skuldir, þrátt fyrir ástundunarsemi þeirra og góða hegðun að öðru leyti, en hinsvegar ætti, að yðar hyggju, að beita minni vægð við þá af leiguliðunum, sem hafa bakað sér þessar skuldir, ef til vill, engu síður með breytni sjálfra þeirra t. a. m. drykkjuskap, leti og þess konar, en vegna hardæris.

Útaf þessu eruð þér beðnir, herra stiptamtmaður, samkvæmt tillögum yðar, að segja umboðsmanninum yfir konungsjörðunum á Vestmannaeyjum fyrir í þá átt, að þegar það kemur til orða, hvort að eigi að byggja leiguliða út, þá skuli hann sér í lagi taka alla breytni hans að öðru leyti til greina, og þegar hann að öðru leyti er reglusamur og duglegur landseti, svo að bágingdi hans eru honum ekki sjálfum að kenna, þá skuli umboðsmaður bera upp fyrir stiptamtinu, hvort hann megi halda byggingu

1869.
12. maí.

sinni fyrir jörðinni enn þá eitt ár, þó hann hafi ekki getað stadið í skilum fyrir landskulddinni eða nokkrum hluta hennar, og veitir stjórnarráðið stiptamtinu þá heimild til, þegar fengnar hafa verið skýrslur þær, sem með þarf um það efni, að veita slíka lenging á byggingarréttinum.

13. maí.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um frest á borgun uppí kornlán.

Í bréfi dagsettu 28. janúarmán. þ. á. með fylgiskjali hafið þér, herra amtmáður, sókt um samþykki dómsmálastjórnarinnar til þess, að þér, samkvæmt bænarskrá til yðar frá hreppstjórnunum í Glæsibæjar, Skriðu og Arnarness hreppum í Eyjafjarðarsýslu, til bráðabirgða hafið veitt tæðum hreppum frest til 1. janúarmán. 1870 á að borga sjöunda hlutann uppí skuld þá, sem á þeim hvílir fyrir kornmat, er þeir höfðu fengið, samtals 85 tunnum, af þeim 500 tunnum af rúgi, er sendar voru að ráðstöfun stjórnarráðsins til Hofsóss haustið 1867, á þann hátt að þeir 1. janúarmán. 1870 greiði sjöunda hluta skuldarinnar og leigur fyrir eitt ár og hálft annað missiri.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þér gjörið ráðstafanir þær, sem með þarf, að stjórnarráðið, afleiðinganna vegna og af því engin sérstakleg ástæða er til að veita tæðum hreppum þessa ívilnan, álitur sér ekki fært að veita samþykki það, sem um er beðið.

13. maí.

44. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um afgjöld af konungsjörðum og þurra-búðum á Vestmannaeyjum.

Með bréfi dagsettu 3. septembermán. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað í útleggingu bænarskrá, er komið